Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1130

Dagsetning: 13. október 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), sem sat fundinn undir liðum 1 til 11, Ketill Berg Magnússon (KBM) , sem sat fundinn undir liðum 1 til 11, Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. **Fundargerð síðasta fundar**

   Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 7. október 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. **Verkefni framkvæmdastjórnar**

   Umræður um helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

3. **Aðsend erindi**

   Fjallað var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu vegna samræmingu á stafrænni þjónustu heilsugæslustöðva. Þar var óskað er eftir því að allar heilsugæslustöðvar hafi opið fyrir móttöku skilaboða í gegnum Ísland.is með samræmdum hætti milli klukkan 8 og 22 alla virka daga. Framkvæmdastjórn tók vel í erindið en mun óska eftir því við ráðuneytið að tímasetningarnar verði milli 6 og 22.

4. **Persónuvernd**

   Fjallað var um svarbréf Persónuverndar vegna erindis HH um rekstur sameiginlegs sjúkraskrárkerfis. Unnið er að því að svara því sem fram kemur í bréfi Persónuverndar.

5. **Norrænt heimilislæknaþing**

   Fyrirhugað er að halda Norræna heimilislæknaþingið árið 2028 í Reykjavík. Framkvæmdastjórn lagði áherslu á að læknar HH hafi tækifæri til að sækja þingið og að læknamönnun heilsugæslustöðva stofnananna verði með áþekkum hætti og þegar Læknadagar eru haldnir.

6. **Skríban**

   Stjórnendur geðþjónustunnar hafa óskað eftir aðgangi að Skríbunni, sem vinnur nótur úr viðtölum. Fundað verður með nýsköpunarstjóra Stafrænnar heilsu um notkun forritsins áður en ákvörðun verður tekin um notkun þess.

7. **Stefna HH um gervigreind**

   Fjallað var um notkun gervigreindar í starfsemi HH. Ákveðið var að fara í tvö verkefni til að tryggja að gervigreind verði nýtt með ábyrgum hætti hjá stofnuninni. Annars vegar verði myndaður lítill vinnuhópur sem greini og móti tillögu að stefnu HH. Þá verði utanaðkomandi sérfræðingur fenginn til að vinna sérfræðiálit á notkun gervigreindar með gögn um skjólstæðinga.

8. **Heilsugæslustöðvar í Breiðholti**

   Rætt var um samstarf heilsugæslustöðva í Breiðholti, til dæmis tengt sérnámslæknum.

9. **ÞÍH**

   Umræður um yfirfærslu verkefna Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu til embættis landlæknis. Formlegt erindi hefur nú borist frá heilbrigðisráðuneytinu.

10. **Mörkunarvinna**

    Rætt var um kynningu á mörkunarvinnu HH fyrir heilbrigðisráðuneytinu og farið yfir drög að bréfi og fylgiskjölum sem send verða ráðuneytisstjóra.

11. **Fundur forstöðumanna um fjármál og rekstur**

    Farið var yfir efni sem kynnt verður á fundi forstöðumanna HH um fjármál og rekstur.

12. **Bólusetningar við inflúensu**

    Rætt var um kynningu á bólusetningum við inflúensu, sem hefjast 20. október fyrir forgangshópa. Einnig var ákveðið að bjóða rekstraraðilum einkarekinna heilsugæslustöðva samstarf um bólusetningar barna með nefúða.

Aðgerðir og verkefni

- Óska þarf eftir breytingu á tímasetningu tengt skilaboðum til heilsugæslustöðva, sjá lið 3.
  Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf svar við svarbréfi Persónuverndar, sjá lið 4.
  Ábyrgð: SDM, NSK
- Upplýsa þarf forstöðumenn og lækna um mönnun þá daga sem norrænt heimilislæknaþing verður haldið hér á landi, sjá lið 5.
  Ábyrgð: NSK
- Funda þarf um Skríbuna með fulltrúa frá Stafrænu Íslandi, sjá lið 6.
  Ábyrgð: SDM
- Setja þarf á stað vinnuhóp til að móta tillögu að stefnu HH tengt gervigreind, sjá lið 7.
  Ábyrgð: NSK, KBM
- Semja þarf við sérfræðing um álit tengt notkun gervigreindar í gögnum tengt skjólstæðingum, sjá lið 7.
  Ábyrgð: NSK, KBM

- Halda þarf áfram vinnu tengt samstarfi heilsugæslustöðva í Breiðholti, sjá lið 8.
  Ábyrgð: SDM
- Funda þarf með heilbrigðisráðuneytinu tengt yfirfærslu verkefna ÞÍH til embættis landlæknis, sjá lið 9.
  Ábyrgð: SDM
- Senda þarf bréf og fylgigögn tengt mörkunarvinnu á heilbrigðisráðuneytið, sjá lið 10.
  Ábyrgð: SDM
- Kynna þarf stöðu fjármála og rekstrar fyrir forstöðumönnum, sjá lið 11.
  Ábyrgð: HÞ
- Kynna þarf fyrirkomulag bólusetninga og hafa samráð við einkareknar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu, sjá lið 12.
  Ábyrgð: RÓE, BJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:10